

Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

1. Kafi – Gildissvið samþykktarinnar

Samþykkt þessi er sett með hliðsjón af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. , nr. 6/1986 með síðari breytingum.

2. Kafi – Stjórnskipuleg staða stjórnar fjallskilaumdæmisins

Stjórn fjallskilaumdæmisins starfar í umboði Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Stjórnin ræður sér starfsmann.

3. Kafi - Skipan stjórnar

Í stjórn fjallskilaumdæmisins eiga sæti 1 fulltrúi frá Akraneskaupstað, 1 fulltrúi frá Hvalfjarðarsveit, 1 fulltrúi frá Skorradalshreppi og 2 fulltrúar frá Borgarbyggð. Sveitarstjórnirnar skipa formlega í nefndina að loknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum um stjórn og fundarsköp allra sveitarfélaganna sem stjórnin nær yfir. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Kjörtímabil stjórnar fjallskilaumdæmisins er hið sama og sveitarstjórnanna. Stjórninni er heimilt að kalla hvern sem er til fundar við sig. Stjórnin kýs sér formann og varaformann til fjögurra ára á fyrsta fundi sínum. Ráðinn starfsmaður er ritari stjórnarinnar.

4. Kafi - Rekstur stjórnar

Hvert sveitarfélag greiði sínum fulltrúum fyrir störf í stjórn. Annar kostnaður skiptist með eftirfarandi hætti:

- Akraneskaupstaður greiði 5%
- Hvalfjarðarsveit greiði 20%
- Skorradalshreppur greiði 5%
- Borgarbyggð greiði 70%

5. Kafi - Hlutverk og verkefni stjórnar fjallskilaumdæmisins

Helstu verkefni stjórnar fjallskilaumdæmisins eru:

- Að semja skrá yfir alla afrétti fjallskilaumdæmisins.
- Að breyta leitar- og réttardögum að tillögu sveitarstjórna ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
- Að fjalla um kærumál sem henni berast er lúta að fjallskilamálum og úrskurða í þeim.
- Að semja markaskrá og gera fjárhagsáætlun fyrir hana.
- Að ráða markavörð/verði til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun.
- Að skera úr ágreiningi milli sveitarstjórna um fjallskil.

- Að sinna þeim verkefnum sem kveðið er sérstaklega á um í fjallskilasamþykkt eða lögum og ekki eru nefnd að ofan.
- Að afgreiða önnur þau mál sem henni kunna að berast.

6. Starfshættir stjórnarinnar

Um starfshætti stjórnarinnar er sérstaklega getið í xx. kafla fjallskilasamþykktar og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupsstaðar, xx kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar, xx kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Skorradalshrepps og xx kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á. Sveitarstjóri Borgarbyggðar boðar til fyrsta fundar kjörtímabilsins.

7. Réttindi og skyldur stjórnarmanna

Hverjum stjórnarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Forfallist stjórnarmaður skal hann boða varamann sinn og láta formann vita um forföll með eins góðum fyrirvara og kostur er.

Hver stjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélaga og íbúa þeirra að leiðarljósi við stjórnarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglum og samþykktum um málaflökkinn.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í stjórninni og ætla má að leynt eigi að fara sky. eðli málsins, lögum eða samþykkt meirihluta stjórnarmanna hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Stjórnarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti.

8. Gildistaka

Samþykkt þessi var staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar xx.xx.2012, sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar xx.xx.2012, sveitarstjórnar Skorradalshrepps xx.xx.2012 og sveitarstjórnar Borgarbyggðar xx.xx.2012 og af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu xx.xx.2012.

Dagsetning

Undirskrift sveitarstjórnanna.